

**Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna í Reykjavík** hjelt aðalfund sinn 28. f. mán. Var lagður fram endurskoðaður reikningur fyrir síðastliðin ár og höfðu árstekjur sjóðsins numið nálægt 1300 kr.; var frekum 600 kr. þar af úthlutað til styrktar fátækum uppgjafa-verzlunarmönnum og verzlunarmannaækkjum, en hitt var lagt við sjóðinn, því að samkvæmt lögum sjóðsins má ekki verja meiru en helmingi af árstekjunum til styrkveitinga. Þó að styrkveitingar úr sjóðnum nemi þannig talsvert miklu, vex hann drjúgum á ári hverju og er nú orðinn um 23000 kr. að upphæð. Er mikið af þessu fje í útlánun hjá fjelagsmönnum gegn 1. veðrjetti í fasteign, en nokkuð er á vöxtum í Landsbankanum. Prettán nýir fjelagsmenn bættust við á fundinum og eru þeir nú alls 88. Árstíllag er 6 kr. og að auki 2 kr. inngöngueyri í eitt skipti fyrir öll. Rúm 28 ár eru síðan sjóður þessi var stofnaður.

Stjórn var endurkosin: Joh. Hansen verzlunarstjóri (form.), G. Zoëga kaupmaður (fjehirðir), Sighvatur Bjarnason bankabókari (skrifari); og Matth. Johannessen kaupm. og Guðm. Ólsen bókhaldari (meðstjórnendur). Endurskoðunarmenn endurkosnir: Halldór Jónsson bankagjaldkeri og Einar Árnason bókhaldari.

**Útskálaprestskosningin** fór þannig, 25. f. m., í Keflavík, að af 270 kjósendum á skrá gáfu 118 síra Bjarna próf. Þórarinssyni atkv., 72 síra Janusi próf. Jónssyni og 3 síra Þork. Bjarnasyni. Kapp var mikið um eða út af sr. Bjarna; sameinuðu mótstöðumenn hans sig nær allir um annan hinna, til þess að dreifa eigi atkvæðum. Meira en fyrirskipaðan atkv.fjöldi til lögmætrar kosningar hefir sr. B. þannig fengið.

**Fjós brann** aðfaranótt 28. f. m. hjá hinum valinkunna merkisbónda Erlendi sýslunefndarmanni Erlendssyni á Breidabólssstöðum á Álptanesi; brunnu þar inni eða köfnuðu allar kúr hans (3).

**Póstskip** enn ókomið.

**Fiskisamþykta málið.** Viðaukabláð nýtt fylgir Ísafold í dag um það, svar frá sr. Jens Pálssyni til þeirra Þ. Egilssonar o. s. frv.

Öllum þeim, er beiðruðu úttör manns míns sál. Ludvig A. Knudsens votta jeg mitt virðingarfyllsta þakklæti.

Reykjavík, 27. janúar 1896.

**Katrín E. Knudsen.**

**LESID!** Þeir sunnlendingar, sem ætla að stunda landvinnu á Ónuadarfirði að sumri komanda, geta fengið nýja skó, vatnsstígvjel og sömul. víðgjörðir. Allt að mestu leyti lánað með mjög góðum borgunarskilmálum hjá

**JÓHANNI JÓHANNESYNI,**  
skósmið.  
10 Adalstræti 10.

**Skrifstofa »Stars«** í Kirkjustræti 10 er opin hvern virkan dag frá 12—2 og 5—7.

**Aðalfundur »Ábyrgðarfjelags þilskipa við Faxafloa«** verður haldinn laugardag 15. febr. þ. á., kl. 5 e.m. á Hotel Ísland. Reikningar fjelagsins verða fram lagðir, skýrt frá hag fjelagsins, og valinn 1 maður í stjórnarnefnd, 3 virðingarmenn og 2 endurskoðunarmenn.

Tr. Gunnarsson.

**GÓÐAR** matbaunir hjá **C. Zimsen.**

**Allskonar húsgögn (Möbler),** ágætli vönduð, fást hjá

**G. Sch. Thorsteinsson.**

## Fyrirlestur

### um sköpunina og vísindin

heldur herra prestur J. Frederiksen á sunnudaginn kemur, 2. febr., kl. 8½ e.m. í Good-Templarabúsinu. Ágóðinn rennur í sjóð Thorvaldsensfjelagsins. Inngöngumiðar á 60 aura fást í Brydes verzlun laugardaginn 1. febrúar og við innganginn.

Miðvikudagana 19. febrúar og 5. og 19. marz næstkomandi verður bæjareign Ásgríms Gíslasonar við Laugaveg hjer í bænum, eptir kröfu Landsbankans, að undangöngu fjárnámi 30. þ. m. samkvæmt lögum 16. desember 1885, sbr. lög 16. sept. 1893, boðin upp og seld hæstbjóðanda við 3 opinber uppboð, sem haldin verða kl. 11 f. háð., 2 hina fyrst nefndu daga á skrifstofu bæjarfógeta og hinn síðast nefnda dag í bænum sjálfum, til lúkningsar veðskuld að upphæð kr. 235.10, auk vaxta og dráttarvaxta frá 1. október 1894. Sölu-skilmálar verða til sýnis á skrifstofu bæjarfógeta degi fyrir hið fyrsta uppboð.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31. jan. 1896.

**Halldór Danielsson.**

**Sprengipúður** og **kanónpúður**, sem líka er þjenugt í bissur, hjá **C. Zimsen.**

## C. ZIMSEN

hefir einkaútsölu fyrir Ísland

á

**Quibells Sheep Dip & Cattle Wash.**

**Ágætt badlyf**

á kindur og aðrar skepnur.

Reglum fyrir brúkuninni útbýtt gefins.

**Oturskinshúfur**, regnhlífar, göngustafir og það sem eptir er af vetrarhönzkunum ullfóðruðu, verður þangað til »Laura« fer, selt med **innkaupsverði** hjá

**H. Andersen.**

## Proclama.

Eptir lögum 12. apríl 1878 sbr. op. br. 4. jan. 1861, er hjer með skorað á alla þá, sem til skulda telja í dánar- og þrotabúi Guðmundar sáluga Einarssonar á Flögu í Skriðdal, að koma fram með skuldakröfur sínar og sanna þær fyrir skiptaráðanda þessarar sýslu, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu birtingu þessarar anglýsingar.

Skrifst. Sudurmúlasýslu, 16. des. 1895.

**Sig. Pjetursson,**

settur.

## Proclama.

Samkvæmt lögum 12. apríl 1878 og opnu brjefi 4. jan. 1861 er hjer með skorað á alla þá, er telja til skulda í dánarbúi Eileifs Magnússonar, er andaðist að heimili sínu Brimnesi í Seyðisfjarðarhreppi þ. 16. október næstl., að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu, áður en liðnir eru 6 mánuðir frá síðustu (3.) birtingu þessarar anglýsingar.

Skrifst. Norður-Múlas. Seyðisf. 4. des. 1895.

**A. V. Tulinius,**

settur.

Fyrri ársfundur **búnaðarfjelags Suduramtsins** verður haldinn í leikfímishúsi barnaskólans hjer í Reykjavík laugardaginn 8. dag næstkomandi febrúarm. kl. 5 e. m. Verður þá gjörð grein fyrir tekjum og gjöldum fjelagsins hið síðasta ár og rædd önnur málefni þess.

Reykjavík 16. dag jan. 1896.

**H. Kr. Friðriksson.**

## Hið íslenzka kvennfjelag

hefir ákveðið að stofna til útsölu (Basars), á íslenzkum iðnaði næstkomandi sumar, er standi yfir 2½ mánuð, frá miðjum júní til ágúst-mánaðarloka.

Tilgangur þessa fyrirtækis er sá, að gjöra mönnum hægra fyrir að koma í verð því er þeir kynnu að vilja selja og jafnframt að hvetja menn til meiri vandvirni og iðjusemi.

Þeir munir, er sendir yrðu á útsölu þessa, geta verið margvíslegir, jafnt unnir af konum sem körlum, t. d. má nefna alls konar tóskap og hannyrðir, einnig ýmis konar smíðisgripir úr málmí, trje eða horni.

Þeir, er kunna að senda eitthvad á útsölu þessa, eru beðnir að skrifa utan á það til útsölu nefndar kvennfjelagsins í Reykjavík eða til einhverra af okkur undirrituðum, er kosnar höfum verið til að annast um útsölu þessa.

Hver hlutur, er sendur er, verður að vera með fastákveðnu verði og greinilega merktur nafni þess er sendir.

Eptir að munirnir eru komnir í hendur útsölu nefndarinnar, verða þeir váttryggðir og að öllu leyti teknir í ábyrgð.

Þegar útsöluinni er lokid verður hverjum sendir sínir peningar að frádregnum 10% af upphæðinni, er álitid er að þurfa muni til útsölu kostnaðarins. Þeir munir er ekki ganga út verða endursendir á kostnað eiganda, nema hann gjöri aðra ráðstöfun.

Að endingu viljum vjer óska, að menn sínni þessu fyrirtæki, svo það geti framhaldizt og haft tækifæri til að sýna það gagn, er vænta má af því.

Reykjavík, 28. jan. 1896.

**Þorbjörg Sveinsdóttir, Kristín Benidíktisdóttir, Ingibjörg Bjarnason, Ingibjörg Johnsen, Elin Eggertsdóttir.**

**Fundur** í fjelaginu »ALDAN« næstkomandi þriðjudag á vanlegum stað og tíma. Allir fjelagsmenn beðnir að mæta.

**Velverkaður saltaður smáfiskur** fæst í verzlun **G. Zoëga.**

## Kirkjublaðið

VI. 2: Þrír rósarunnar (kvæði), V. B. — Heimspeki og guðfræði. — Framhald lífsins (þýtt). — Agúst Hermann Francke.

Kbl. VI. árg. 1896. 15 arkir, auk nr. 16—20 af Nýjum kristilegum smáritum, kostar 1 kr. 50 aur.

Útsending blaðsins er frá afgreiðslustofu Ísafoldar, og snúi kaupendur sjer þangað með allt sem að útsendingu lítur, og þeir sem það kjósa, geta einnig greitt þangað andvirði VI. árgangs.

## Vildarkjör:

Nýir kaupendur, sem borga VI. árgang fyrirfram, fá meðan endist allt Kbl. frá upphafi, 5 útkomna árganga, og Smáritin með (nr. 1—15) afhent hjer á staðnum fyrir 50 aura viðbót eða fyrir 2 kr. alla 6 árgangana, en fyrir 3 kr. alls, ef senda þarf eldri árgangana með pósti.

**Vedurathuganir** í Rvík, eptir **Dr. J. Jónassen**

jan.	Hiti (° Celsius)		Loptþ.mæl. (millimet.)		Vedurátt	
	á nótt.	um há.	fm.	em.	fm.	em.
Ld. 25.	÷ 7	+ 1	751.8	741.7	A h d	A h d
Sd. 26.	+ 3	+ 5	734.1	729.0	0 d	Sahvd
Md. 27.	÷ 1	0	729.0	729.0	0 d	A hvd
Þd. 28.	÷ 7	+ 1	746.8	749.3	Svhvd	S h d
Mv. 29.	+ 3	+ 6	744.2	751.8	Svhvd	Svhvd
Fd. 30.	+ 2	+ 5	754.2	756.9	0 d	Sv h d
Fsd 31.	+ 6	+ 5	756.9	749.3	Sv h d	Svhvd
Ld. 1.	÷ 2		754.4		Sv h b	

Hefir ýmist verið við landsudur (Sa) eða útsunnan (Sv) opt rokhvass með mikilli rigningu, opt dag og nótt, svo mest allar snjór, sem var mikill á jörðu, horfinn aptur. Optast útsynningur með brimhroða. Í morgun (1.) bjartur, rjett logn.

Medalhiti í janúar á nóttu ÷ 3.5.

— hádegi ÷ 0.6.

**Næsta blað** þegar eptir komu póstskepsins.

Útgef. og ábyrgðarm.: **Björn Jónsson.**

Medritstjóri: **Einar Hjörleifsson.**

Prentsmiðja Ísafoldar.